



FRÉTTABRÉF JANÚAR

Við viljum byrja á því að óska ykkur gleðilegs árs og þakka fyrir samskiptin á liðnu ári.

Skólafárið er nú komið á fullt skrið og er ýmislegt í gangi í janúar. Stjórnendur skólans verða með morgunverðafundi með foreldrum í öllum árgöngum á tímabilinu 14. – 25. janúar. Nánari tímasetningar hjá hverjum árgangi koma fram hér fyrir neðan.

Þriðjudaginn 29. janúar verða nemenda- og foreldraviðtöl og verður opnað fyrir skráningu á viðtalstímum 21. janúar kl. 16. Opið verður í frístundinni fyrir þau börn sem þar eru skráð.

Þorgrímur Þráinsson verður með fyrirlestur fyrir nemendur í 10. bekk 22. janúar sem nefnist Verum ástafangin af lífinu. Þorgrímur hefur áður komið til okkar og var þá mikil ánægja með fyrirlestur hans.

Þann sama dag tekur 9. bekkur þátt í verkefni sem nefnist Krakkar með krökkum en það er yfirskrift verkefnis gegn einelti. Heimili og skóli og SAFT koma að þessu verkefni í samstarfi við söng- og leikkonuna Sölku Sól Eyfeld og Vöndu Sigurgeirsdóttur sem kemur frá KVAN. Í verkefninu er reynt að grípa fyrr inn í samskiptavanda og koma þannig mögulega í veg fyrir einelti. Einnig er markmiðið að stuðla að góðum skólabrag og bekkjaranda. Salka Sól kemur síðan til liðs við verkefnið með sína sögu sem jákvæð fyrirmynd fyrir nemendur og vekur bæði þá og foreldra til umhugsunar. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að samstarfi og jákvæðri menningu í skólasamfélaginu og koma á fót sjálfbærni verkefni sem stuðlar að vináttufærni og góðum samskiptum. Við erum mjög spennt og þakklát fyrir að fá tækifæri til að taka þátt í þessu verkefni.

Nýlega voru nýjar fjárhagsáætlanir Kópavogs fyrir árið 2019 samþykktar. Í þeim eru breytingar á gjaldskrá fyrir mötuneyti og frístundir. Mánaðargjald í mötuneyti frá 1. janúar er kr. 9.484 (481 kr. máltíðin) og grunn gjald í frístund er 7.747 krónur fyrir 20 tíma vistun.

Bestu kveðjur, Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri

**Vatnsendaskóli
er hnetulaus
skóli**

**Nemenda- og
foreldraviðtöl
verða
þriðjudaginn 29.
janúar**

**Mentor appið er
hægt að nálgast
bæði fyrir apple
og android tæki**

**Tilkynna þarf
veikindi
nemenda í síma
441 4000 eða
skrá þau á
mentor.is**

**Vatnsendaskóli
Funahvarfi 2
203 Kópavogur**

441 4000

vatsendaskoli@kopavogur.is

Matseðillinn er birtur með fyrirvara um breytingar.

			3. janúar Léttsołtuð ýsa, kartöflur og salat.	4. janúar Pasta með kjúklingi.
7. janúar Fiskibollur, kartöflur og lauksósa.	8. janúar Kjúklingaborgari og meðlæti.	9. janúar Blómkáls/brokkolisúpa, brauð m/skinu og osti.	10. janúar Hálfmánar með skinu og osti, kartöflur og piparsósa.	11. janúar Lasagne og salat.
14. janúar Plokkfiskur og rúgbrauð.	15. janúar Grænmetisbuff, hrísgrjón og karrýsósa.	16. janúar Grjónagratuř og slátur.	17. janúar .Kjöt í karrý og hrísgrjón.	18. janúar Kjötbollur, kartöflmús og brúnsósa.
21. janúar Ofnbakaður fiskur, hrísgrjón og karrýsósa.	22. janúar Hakk og spagettí.	23. janúar Gúlassúpa.	24. janúar Fiskur með sítrónusósu og kartöflur.	25. janúar Kjúklingabitar, kartöflur og sveppasósa.
28. janúar Soðin ýsa, kartöflur og salat.	29. janúar Nemenda og foreldravíðtöl	30. janúar Spagettisúpa með grænmeti og kjöti.	31. janúar Hakkabuff steiktar kartöflur og lauksósa.	

Meðlætisbar og ávextir með öllum máltíðum.

Morgunverðarfundir stjórnenda með foreldrum

Allir fundirnir eru klukkan 8:10 - 9:00 og eru haldnir í hátíðarsal skólans

Mánudagur 14. janúar	1. bekkur
Miðvikudagur 16. janúar	2. bekkur
Fimmtudagur 17. janúar	3. bekkur
Föstudagur 18. janúar	4. bekkur
Mánudagur 21. janúar	8. – 10. bekkir
Miðvikudagur 23. janúar	5. bekkur
Fimmtudagur 24. janúar	6. bekkur
Föstudagur 25. janúar	7. bekkur